



**STARFSREGLUR ENDURSKOÐUNARNEFNDAR**

**MARS 2024**

Endurskoðunarnefnd Haga hf. starfar samkvæmt ákvæðum IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Nefndin er undirnefnd stjórnar Haga hf. og er kveðið á um skipan hennar í starfsreglum stjórnar. Tilgangurinn með stofnun nefndarinnar er að bæta starfshætti og gera störf stjórnarinnar markvissari.

### 1. gr. Skipan

Endurskoðunarnefndin er þriggja manna nefnd og skal skipuð af stjórn Haga hf. eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Sé nefndarmaður utanaðkomandi aðili skal hann tilnefndur af aðalfundi. Formaður nefndarinnar skal vera óháður félaginu og skipaður af nefndarmönnum eða stjórn Haga. Meirihluti nefndarinnar skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Nefndarmenn skulu sameiginlega hafa yfir að ráða viðeigandi þekkingu og hæfni á því sviði sem félagið starfar á. Að minnsta kosti einn nefndarmanna skal hafa þekkingu og hæfni á sviði reikningsskila eða endurskoðunar. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðendum félagsins og a.m.k. einn nefndarmanna skal vera óháður stórum hluthöfum félagsins. Forstjóri félagsins og aðrir daglegir stjórnendur þess skulu ekki eiga sæti í nefndinni, en sitja fundi með henni eftir því sem við á.

### 2. gr. Fundir og starfshættir

Endurskoðunarnefnd skal gera starfsáætlun um framkvæmd verkefna á árinu. Árlega skal hún halda a.m.k. fjóra fundi. Aukafundi skal halda, þegar formaður telur þörf á. Forstjóri og stjórnarformaður Haga og einstakir nefndarmenn geta óskað eftir því við formann nefndarinnar að nefndin haldi aukafundi, ef málefni koma upp, sem gera það nauðsynlegt. Formaður endurskoðunarnefndar boðar til funda nefndarinnar og stýrir þeim. Heimilt er að halda fundi nefndarinnar með aðstoð rafrænna miðla, svo sem fjarfundabúnaðar. Telst fundur sóttur af þeim sem taka þátt í honum með aðstoð slíkra miðla. Nefndin skal halda skriflegar fundargerðir sem samþykktar eru af nefndarmönnum. Heimilt er að undirrita fundargerðir með rafrænni undirskrift, útbúinni með rafrænum skilríkjum. Fundargerðir skulu geymdar í fundargerðarbók eða með rafrænum hætti á miðlægu svæði endurskoðunarnefndar.

Samkvæmt grein 12.4. í starfsreglum stjórnar Haga hf. skal endurskoðunarnefnd einnig boðuð á sérstaka stjórnarfundi þar sem eingöngu eru til umræðu málefni tengd innra eftirliti og áhættustýringu.

Árlega skal endurskoðunarnefnd hafa forgöngu um sameiginlegan fund stjórnar, nefndarinnar og ytri endurskoðenda, án viðveru daglegra stjórnenda.

Árlega skal endurskoðunarnefnd setja saman skýrslu um störf sín og kynna hana fyrir stjórn á sérstökum fundi.

### 3. gr. Hlutverk og ábyrgðarsvið

Endurskoðunarnefndin skal leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins og óhæði endurskoðenda þess. Nefndin skal m.a. hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

- a. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og eftir atvikum veita ráðleggingar eða leggja fram tillögur að umbótum við ferlið til að tryggja gæði reikningsskilanna, þ.m.t. heilindi upplýsinga í skýrslu stjórnar.
- b. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun, ef við á og áhættustýringu.
- c. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings félagsins.
- d. Eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyritækis fyrir félagið.
- e. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyritækis.
- f. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðendum.

Endurskoðunarnefnd ber að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum. Nefndin skal yfirfara mikilvæg atriði varðandi reikningsskil félagsins, þ.m.t. flókin og óvenjuleg viðskipti og matskennda liði. Í þessum tilgangi skal nefndin hitta fjármálastjóra, forstjóra og ytri endurskoðanda.

#### **4. gr. Heimildir, aðgengi að gögnum**

Við framkvæmd starfa sinna er mikilvægt að nefndin hafi ótakmarkaðan aðgang að gögnum frá stjórnendum og innri og ytri endurskoðendum, og getur nefndin óskað eftir skýrslum og greinargerðum, sem varða störf hennar, frá þeim. Þá hefur nefndin heimild til að afla faglegrar og óháðrar ráðgjafar, sem hún telur nauðsynlega til að sinna hlutverki sínu. Slíkt skal tilkynnt formanni stjórnar með formlegum hætti.

#### **5. gr. Takmarkanir á hlutverki og ábyrgð**

Endurskoðunarnefnd ber ábyrgð á þeim skyldum, sem koma fram í reglum þessum, en ber ekki ábyrgð á reikningsskilum eða endurskoðun ársreiknings. Stjórnendur Haga hf. bera ábyrgð á reikningsskilum og innleiðingu innra eftirlits og óháðir endurskoðendur bera ábyrgð á endurskoðun ársreiknings félagsins og eiga að fylgjast með virkni innri eftirlitsþátta hvað varðar reikningsskilin.

#### **6. gr. Mat á störfum og starfsreglum**

Endurskoðunarnefnd skal árlega meta störf sín og störf einstakra nefndarmanna eftir fyrirfram ákveðnu fyrirkomulagi. Þá skal nefndin árlega endurskoða starfsreglur þessar.

Endurskoðendaráð skal einnig meta frammistöðu endurskoðunarnefndar.

#### **7. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda**

Nefndarmenn skulu gæta þagmælsku í hvívetna um málefni félagsins og önnur atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum Haga hf., lögum eða eðli máls, nema um sé að ræða málefni, sem stjórnin ákveður að gera opinber. Þeir skulu varðveita öll gögn með tryggilegum hætti. Þagnar- og trúnaðarskylda helst þó látið sé af störfum.

Þannig samþykkt 22. mars 2024

Stjórn Haga hf.